

## Neskaupstaðalína 2

### Lagning jarðstrengs frá Eskifirði til Neskaupstaðar

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning jarðstrengs frá Eskifirði til Neskaupstaðar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands fyrir framkvæmdum á vatnsverndarsvæði í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Einnig þarf leyfi Orkustofnunar skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003, leyfi lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði m.s.br. og leyfi Vegagerðarinnar fyrir lagningu jarðstrengs á skilgreindu veghelgunarsvæði samkvæmt vegalögum nr. 80/2007.

Loks bendir Skipulagsstofnun á að tryggja þarf að sandur sem nýta þarf við framkvæmdina verði tekinn úr námu sem hafi framkvæmdaleyfi. Skipulagsstofnun veur athygli á því að efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags samkvæmt skipulagslögum og framkvæmdaleyfisreglugerð og starfsleyfi Umhverfisstofnunar eða viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögum og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 1. október 2013.

## INNGANGUR

Þann þann 16. júlí 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá VSÓ Ráðgjöf ehf. f.h. Landsnets um lagningu jarðstrengs frá Eskifirði til Neskaupstaðar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitastjórnar Fjarðabyggðar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Sveitastjórn Fjarðabyggðar með bréfi dags. 23 ágúst 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 6. ágúst 2013, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 1. ágúst 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 30. júlí 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 9. ágúst 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. júlí 2013 og Vegagerðinni með bréfi dags. 19. ágúst 2013.

Frekari upplýsingar bárust frá Landsneti með bréfum dags. 31. júlí 2013 og 22. ágúst 2013.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Landsnet fyrirhugar að leggja 66 eða 132 kV jarðstreng frá tengivirki á Eskifirði um Norðfjarðargöng meðfram þjóðvegi að tengivirki á Neskaupstað alls um 19 km leið. Tilgangur framkvæmdar er að auka afhendingaröryggi raforku á Neskaupstað.

Framkvæmdin felur í sér að 66 kV eða 132 kV jarðstrengur Neskaupstaðalínu 2 verður lagður frá tengivirki Landsnets við Eskifjörð um Norðfjarðargöng, þaðan frá gangamunna samhliða nýjum Norðfjarðavegi að tengivirki sunnan Neskaupstaðar, alls 19 km. Gert er ráð fyrir að jarðstrengur verði í 10-30 m frá vegöxl, nema þar sem sérstakar aðstæður kalla á annað. Þar af leiðandi verður jarðstrengur að stærstum hluta innan veghelgunarsvæðis. Fram kemur að á þessu stigi liggja ekki fyrir endanleg ákvörðun um legu strengs, þ.e.a.s. hvorum megin við nýjan Norðfjarðarveg hann muni liggja. Ákvörðun um endanlega legu verði tekin á hönnunarstigi, sem muni m.a. taka mið af umsögnum og samráði vegna þessarar fyrirspurnar um matsskyldu.

Fram kemur leggja þurfi jarðstrenginn í sand. Reikna megi með að í þversniði þurfi u.þ.b. 80\*55 cm af sandi. Efnisþörf af sandi gæti því verið rúmlega 8.000 m<sup>3</sup>. Efnistaka á sandi leiðir af sér flutninga milli efnistökusvæðis og framkvæmdasvæðis. Sandur verði tekinn úr námum í rekstri og sem skilgreindar eru í aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027. Því sé ekki þörf á að meta umhverfisáhrif efnistökkunnar.

**Áhrif á vatnsverndarsvæði.** Fram kemur að frá nyrðri gangamunna Norðfjarðargangna í Norðfirði liggja fyrirhugað framkvæmdasvæði í Fannardal að hluta á fjarsvæði vatnsverndar og nærri grannsvæði á innan við 1 km löngum kafla. Megin brunnsvæði Vatnsveitu Norðfjarðar er innan við Naumamel, norðan við Norðurá og liggur framkvæmdasvæðið í jaðri þess. Svæðið er viðkvæmt og mikilvæg uppspretta fyrir bæði íbúa og atvinnustarfsemi á Neskaupstað. Fylgt verði eftir þeim kröfum sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir til framkvæmdar innan vatnsverndarsvæða og tilgreindar verða í leyfi framkvæmdarinnar. Landsnet metur að af þessu leiði að áhrif lagningar jarðstrengs á vatnsverndarsvæði verði óveruleg.

**Áhrif á menningarminjar.** Fram kemur að á áhrifasvæði framkvæmdarinnar í Norðfirði séu skráðar tíu fornminjar. Aðrar minjar liggja á bilinu 8 m – 72 m frá mörkum framkvæmdasvæðis. Í Eskifirði hafi engar minjar fundist innan við 100 m frá veglínu. Til að draga úr hættu á að fornminjar í og við áhrifasvæði framkvæmdarinnar raskist muni Landsnet merkja þær þrjár minjar sem næst eru lagnastæði meðan á framkvæmdum standi. Einnig verði skoðað sérstaklega hvort unnt sé að hliðra strenglögna nær vegi eða á þann hátt að dregið verði úr líkum á raski. Að teknu tilliti til aðgerða til að draga úr líkum á að menningarminjar raskist á framkvæmdatíma séu áhrifin metin mögulega neikvæð, ef raska þarf fornminjum. Unnið verði í samráði við Vegagerðina og Minjastofnun Íslands við staðsetningu jarðstrengsins á umræddu svæði.

**Áhrif á gróður og vatnafar.** Fram kemur að áhrif framkvæmdar á gróður séu metin lítil þar sem gert er ráð fyrir að leggja jarðstrengi innan þegar raskaðra svæða. Þó þurfi að gæta að vaxtarsvæði hagastarar sem er innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Votlendi mun ekki raskast umfram það

sem verði raskað vegna lagningar Norðfjarðarvegar. Fram kemur að jarðstrengurinn muni þvera Norðfjarðará nærri Kirkjubóli. Strengurinn verði að öllum líkindum í brúarstæðinu og komi þar af leiðandi ekki til með að valda öðrum áhrifum á ánnu eða lífríki hennar umfram það sem verði vegna vegaf framkvæmda. Áhrif á vatnafar séu því metin óveruleg.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að að samkvæmt aðalskipulagi Fjarðabyggðar sé hægt að veita leyfi fyrir háspennustrengjum eða jarðstrengjum meðfram þjóðvegum, en önnur lega háspennustrengja en meðfram þjóðvegum eða sem sé sérstaklega tilgreind á aðalskipulagsupprætti, kalli á aðalskipulagsbreytingu. Leitast verði við að draga úr umhverfisáhrifum raflína með því að setja þær í jörð þar sem þess er kostur og með því að vanda til staðsetningar og frágangs.

Þá sé í aðalskipulagi Fjarðabyggðar gert ráð fyrir legu rafveitu frá Eskifirði um Norðfjarðargöng, þaðan frá gangnamunna samhliða Norðfjarðavegi að tengivirki vestan. Fyrirhugaðar framkvæmdir Landsnets leggur til séu því í samræmi við aðalskipulagið

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Sveitastjórnar Fjarðabyggðar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að í Norðfjarðará sé mikil bleikjuveiði en víða á landinu hafi bleikjustofnar minnkað mikið. Það séu því miklir hagsmunir fólgirnir í því að rask vegna framkvæmda við Norðfjarðará verði sem minnst. Verði framkvæmdin með þeim hætti sem skýrt sé frá í gögnum frá Landsneti og að strengurinn verði lagður í brúarstæði yfir Norðfjarðará, telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands kemur fram að afar mikilvægt sé að allir sem koma að verkinu séu meðvitaðir um að hlutar vinnunnar fari fram innan verndarsvæða neysluvatnsveitna Fjarðabyggðar. Í Norðfirði opnast væntanleg göng inn á fjarsvæði vatnsveitu og vegstæðið ásamt línulögninni liggur alveg í jaðri grannsvæðis. Vegna þessa er farið fram á að bréf sem Hákon Hansson ritaði fyrir hönd stofnunarinnar, dags. 8.mars. sl. vegna svipaðra framkvæmda á vegum sama aðila í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði verði haft til hliðsjónar við allan undirbúning og framkvæmd verksins þegar þar að kemur.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent að áhrifasvæði framkvæmdarinnar sé það sama og við lagningu Norðafjarðarvegar í Eskifirði og Norðfirði.

Fram kemur að Fornleifavernd ríkisins (forveri Minjastofnunar Íslands) hafi veitt umsögn um mat á umhverfisáhrifum Norðfjarðarvegar um Norðfjarðargöng með bréfi dags 29. janúar 2009. Ekki verði betur séð en að sú veglína sem kölluð var veglína 1C í mati á umhverfisáhrifum hafi orðið fyrir valinu og að jarðstrengurinn fylgi henni. Gert sé ráð fyrir að jarðstrengurinn verði í 10-30 m fjarlægð frá vegöxl, nema þar sem sérstakar aðstæður kalla á annað. Jarðstrengurinn verði því að stærstum hluta innan veghelgunarsvæðis nýja vegarins. Ekki liggi þó fyrir endanleg ákvörðun um hvoru megin við nýjan Norðfjarðarveg strengurinn muni liggja. Verði strengurinn færður fjær veginum á einhverjum stöðum þurfi að skoða áhrif þess á fornleifar og mögulega að grípa til mótvægisáðgerða þeirra vegna.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins um mat á umhverfisáhrifum Norðfjarðarvegar um Norðfjarðargöng var m.a. fjallað um áhrif veglínu 1C á fornleifar og tiltekna þær mótvægisáðgerðir sem grípa þyrfti til ef þessi veglína yrði fyrir valinu. Athugasemdir Fornleifaverndar ríkisins snéru eftirfarandi minjum:

Beitarhús (158157 100-4) í landi Hóla. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Kofi/Smalakofi (158171 93-5) í landi Skorrastaðar. Fornleifavernd ríkisins telur grafa þurfi könnunarskurð í tóftina í þeim tilgangi að kanna hlutverk hennar og til að reyna að fá betri hugmynd um aldur hennar.

Sundlaug (158160 99-1) í landi Kirkjubóls. Sundlaugin, sem er byggð á fyrri hluta 20. aldar, stendur um 8 m frá framkvæmdasvæðinu. Hún nýtur ekki verndar þjóðminjalaga þar sem hún er ekki orðin 100 ára, sbr. 9. gr. laganna. Fornleifavernd ríkisins telur engu að síður mikilvægt að reynt verði að varðveita sundlauginu með því að merkja hana vel á meðan á framkvæmdum stendur.

Vegur (158160 99-2) í landi Kirkjubóls. Vegurinn, sem er bílvegur, er frá fyrri hluta 20. aldar og nýtur því ekki verndar þjóðminjalaga þar sem hann er ekki orðin 100 ára, sbr. 9. gr. laganna. Fornleifavernd ríkisins telur engu að síður mikilvægt að reynt verði að varðveita veginn með því að merkja hann vel á meðan á framkvæmdum stendur.

Fjárhús (158160 99-3) í landi Kirkjubóls. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Stekkur, heytóft (?) (158160 99-4) í landi Kirkjubóls. Fornleifavernd ríkisins telur að grafa þurfi könnunarskurði í tóftina til að kanna hlutverk hennar og aldur.

Tóft (158160 99-5) í landi Kirkjubóls. Fornleifavernd ríkisins telur grafa þurfi könnunarskurð í tóftina í þeim tilgangi að kanna hlutverk hennar og til að reyna að fá betri hugmynd um aldur hennar.

Tóft (158160 99-6) í landi Kirkjubóls. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Rétt (158160 99-7) í landi Kirkjubóls. Fornleifavernd ríkisins telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist réttarinnar til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Mógrafir (158160 99-8) í landi Kirkjubóls. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi mógrafarsvæðið á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að það raskist af vangá.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er áréttað að ofangreind umsögn gildi jafnt um lagningu jarðstrengs, Neskaupsstaðalínu 2 og nýjan Norðfjarðarveg þar sem áhrifasvæði framkvæmdanna sé hið sama. Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Að því gefnu að farið verði að þeim skilyrðum sem fram koma í þessu bréfi telur Minjastofnun Íslands að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila staðfestist að farið verði eftir þeim mótvægisáðgerðum sem koma fram í umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 30. júlí sl. Varðandi könnunarskurði í fornleifar hafi stofnunin nú þegar veitt Vegagerðinni leyfi til slíkrar athugunar.

Í umsögn Orkustofnunar er bent á að samkvæmt framlagðri fyrirspurn um matsskyldu sé fyrirhugað að leggja jarðstreng ásamt ljósleiðara frá tengivirki á Eskifirði um Norðfjarðargöng yfir í Norðfjörð og það meðfram nýjum Norðfjarðarvegi að tengivirki sunnan Neskaupsstaðar. Frumframkvæmdin sem væntanlega verður lagt mat á varðandi umhverfisáhrif að frumkvæði Vegagerðarinnar er því umrætt vegstæði, ýmist ofan- eða neðanjarðar. Ekki verði því séð að lagning jarðstrengs þar til viðbótar bæti nokkru umtalsverðu við umhverfisáhrif vegna vegagerðarinnar sjálfrar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að um sé að ræða framkvæmd sem að mestu leyti er staðsett við núverandi og nýja vegi. Umhverfisáhrif verði að líkindum óveruleg í samanburði við fyrirhugaða veglagningu og jarðgangagerð. Um samlegðaráhrif verður vart að ræða. Að teknu tilliti til ofnagreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa í för með sér umtalverð umhverfisáhrif.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að ekki liggja fyrir samkomulag milli Landsnets og Vegagerðarinnar um jarðstrenginn á veghelgunarsvæðinu. Sækja þurfi um leyfi til Vegagerðarinnar fyrir jarðstrengnum þar sem gert er ráð fyrir honum á veghelgunarsvæði.

Í svari frá Landsnets kemur fram að unnið sé að útfærslu á legu jarðstrengja og verði hún ákveðin í nánu samráði við Vegagerðina. Auk þess verður samráð við aðra hagsmunaaðila eftir þörfum, s.s.

Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Þegar útfærsla jarðstrengs liggur fyrir mun Landsnet sækja um tilskilin leyfi, þ.m.t. leyfi Vegagerðarinnar til framkvæmda.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 66 eða 132 kV jarðstreng frá tengivirki á Eskifirði um Norðfjarðargöng meðfram Þjóðvegi að tengivirki á Neskaupstað alls um 19 km leið. Gert er ráð fyrir að jarðstrengur verði í 10-30 m frá vegöxl, nema þar sem sérstakar aðstæður kalla á annað. Þar af leiðandi verður jarðstrengur að stærstum hluta innan veghelgunarsvæðis. Á þessu stigi liggur ekki fyrir endanlega ákvörðun um legu strengs, þ.e.a.s. hvorum megin við nýjan Norðfjarðarveg hann muni liggja. Ákvörðun um endanlega legu verður tekin á hönnunarstigi, sem mun m.a. taka mið af umsögnum og samráði vegna þessarar fyrirspurnar um matsskyldu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lið 3.b. í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrirhuguð framkvæmd um lagningu jarðstrengs er áætluð að stærstum hluta innan veghelgunarsvæðis fyrirhugaðs Norðfjarðarvegar. Mat á umhverfisáhrifum Norðfjarðarvegar lauk með álit Skipulagsstofnunar 24. apríl 2009 þar sem stofnunin taldi að framkvæmdin myndi hafa talsvert neikvæð áhrif á ýmsa umhverfisþætti, s.s. gróður, vatnlíf í Norðfjarðará og menningarminjar, sérstaklega á framkvæmdatíma. Áform Landsnets um að leggja jarðstreng innan veghelgunarsvæðis Norðfjarðarvegar fela að mati Skipulagsstofnunar ekki í sér frekara rask eða áhrif en lagning vegarins ein og sér mun hafa í för með sér. Mikilvægt er að samhliða vegagerðinni verði unnið að lagningu strengsins, þannig að framkvæmdatími verði sá sami, svo áhrif vegna framkvæmdanna vari sem styst. Þetta á sérstaklega við framkvæmdir á þeim hluta svæðisins sem geta haft áhrif á lífríki Norðfjarðará. Þá er mikilvægt að gott samráð verði á milli Vegagerðarinnar og Landsnets um frágang sameiginlegs framkvæmdasvæðis. Einnig þarf Landsnet að tryggja að farið sé að tilmælum Minjastofnunar Íslands um könnun á fornleifum, samráð og endanlegt leiðarval.

Skipulagsstofnun telur sérstaklega mikilvægt að þar sem framkvæmt verður innan verndarsvæða neysluvatnsveitna Fjarðabyggðar að farið verði að tilmælum Heilbrigðiseftirlits Austurlands og áréttar að grunnvatn er auðlind sem ber að vernda eins ómengið og kostur er.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að ekki liggi fyrir samkomulag milli Landsnets og Vegagerðarinnar um jarðstrenginn á veghelgunarsvæðinu. Skipulagsstofnun vekur athygli á því að ef til þess kemur við endanlega útfærslu á legu strengsins, að hann verði færður út frá veghelgunarsvæði Norðfjarðarvegar, þarf Landsnet að bera breytinguna upp við Skipulagsstofnun og fá úr því skorið hvort hana beri að tilkynna inn til stofnunarinnar á grundvelli töluliðar 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu VSÓ Ráðgjafar ehf. f.h. Landsnets við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning jarðstrengs frá Eskifirði til Neskaupstaðar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig leyfi Orkustofnunar skv. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003, leyfi lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði m.s.br. og leyfi Vegagerðarinnar fyrir lagningu jarðstrengs á skilgreindu veghelgunarsvæði samkvæmt vegalögum nr. 80/2007.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Skipulagsstofnun veur athygli á því að efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags samkvæmt skipulagslögum og starfsleyfi Umhverfisstofnunar eða viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 1. október 2013.

Rut Kristinsdóttir



Valur Klemensson

# Skipulagsstofnun